

A 1733/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu

**um að koma á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnarsýsluhindranir****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að Nefndin samþykki drög að nefndaráliti þar sem lagt er til að ríkisstjórnir norrænu landanna skoði hvernig skipulagi starfs að afnámi stjórnarsýsluhindrana sé háttað í hverju landi fyrir sig, bæði hvað varðar upplýsingagjöf, greiningu stjórnvalda á hindrunum og vandamálum, miðlun upplýsinga til ráðuneyta og samræmingu á og lausn slíkra hindrana, bæði hindrana sem Stjórnarsýsluhindranaráðið greinir og sem stjórnvöld og ráðuneyti landanna greina. Við endurskoðun á starfi landanna að afnámi stjórnarsýsluhindrana mætti læra margt af starfi finnsku ráðgjafarnefndarinnar.

**Bakgrunnur**

Afnám stjórnarsýsluhindrana er ofarlega á pólitískri dagskrá í norrænu samstarfi. Hreyfanleiki innan Norðurlanda er mikilvægur og nátengdur hagvexti og auknu atvinnustigi. Stjórnarsýsluhindranastarfið beinist að þremur þáttum: að afnema þær stjórnarsýsluhindranir sem eru til staðar, koma í veg fyrir að nýjar myndist og miðla upplýsingum um gildandi lög og reglur. Flestar þeirra stjórnarsýsluhindrana sem torvelda einstaklingum og fyrirtækjum för yfir landamæri á Norðurlöndum hafa verið greindar og vinnur fjöldi aðila að því að afnema eins margar þeirra og hægt er. Stjórnarsýsluhindranaráðið er helsti vettvangur þessa í norrænu samstarfi.

Skilvirkt starf að afnámi stjórnarsýsluhindrana er undir því komið að skipulagið sé skilvirkt. Ráðgjafarnefnd Norræna félagsins í Finnlandi hefur sérhæft sig í afnámi norrænna stjórnarsýsluhindrana. Ráðgjafarnefndin heldur utan um undirbúningsfundi innanlands fyrir fundi í norræna stjórnarsýsluhindranaráðinu. Nefndin kemur saman þrisvar til fjórum sinnum á ári, ávallt nokkrum vikum fyrir fundi stjórnarsýsluhindranaráðsins. Ráðgjafarnefndin ræðir á breiðum grundvelli þær stjórnarsýsluhindranir sem komið hafa upp innan stjórnarsýslunnar og ráðuneyta og býr fulltrúa Finnlands undir fundi stjórnarsýsluhindranaráðsins. Helstu verkefni nefndarinnar felast í að miðla upplýsingum, greina stjórnarsýsluhindranir á frumstigi og greina frá þeim.



Í nefndinni sitja fulltrúar stjórnarsýsluhindranaráðsins, finnska þjóðþingsins, utanríkisráðuneytisins, landamæraþjónustunnar á Norðurkollu, vinnumála- og atvinnulífsráðuneytisins, félags- og heilbrigðisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, skattayfirvalda, almannatrygginga- og lífeyrisstofnana, menntamálayfirvalda, þjóðskrár og Halló Norðurlanda, upplýsingaþjónustu Norrænu ráðherranefndarinnar í Finnlandi. Ráðgjafarnefndin er einstök í sinni röð á Norðurlöndum og á vettvangi hennar eiga sér stað mikilvæg upplýsingaskipti.

Starf ráðgjafarnefndarinnar hefur gefið góða raun og gæti það nýst sem fyrirmynd fyrir skipulegt starf að afnámi stjórnarsýsluhindrana víðar á Norðurlöndum, einnig á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Í upprunalegu þingmannatillögum, sem er lögð fram af finnsku landsdeild Norðurlandaráðsins, er lagt til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær komi á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnarsýsluhindranir í því skyni að skipuleggja markvisst starf að afnámi stjórnarsýsluhindrana í löndunum. Einnig er lagt til að ráðgjafarnefndum verði komið á fót á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þær komi á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnarsýsluhindranir í því skyni að skipuleggja markvisst starf að afnámi stjórnarsýsluhindrana í löndunum. Einnig er lagt til að ráðgjafarnefndum verði komið á fót á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

### **Álit nefndarinnar**

Tillaga finnsku landsdeildarinnar var unnin á meðan að Stjórnarsýsluhindranaráðið starfaði eftir fyrra umboði sínu (fyrir 2018). Í gamla umboðinu stóð að meðlimir Stjórnarsýsluhindranaráðs GÆTU komið sér upp samstarfsnetum til að létta undir störfum sínum.

Norðurlandaráð er meðvitað um það að samstarfsráðherrarnir samþykktu í október 2017 nýtt umboð fyrir Stjórnarsýsluhindranaráðið, þar sem fram kemur að meðlimir Stjórnarsýsluhindranaráðsins EIGI að hafa tengslanet í sömu mynd og finnska landsdeildin stingur uppá, og að meðlimir Stjórnarsýsluhindranaráðsins EIGI að halda fundi með þessu tengslaneti áður en haldið er til fundar hjá Stjórnarsýsluhindranaráðinu.

Þó skal tekið fram, að finnska ráðgjafarnefndin og hin finnska tillaga er ekki bara hugsuð í samhengi við störf Stjórnarsýsluhindranaráðsins, heldur í enn breiðara samhengi. Engu að síður er mikilvægt að hvert land fyrir sig, út frá sínum forsendum, geti skipulagt sínar stjórnarsýsluhindranir eins og hverju landi hugnast.



Landsbundin tengslanet af þeirri fyrirmynd sem finnska landsdeildin í Norðurlandaráðinu leggur til, geta verið verðmæt rými til að auðvelda upplýsingarstarf þegar borin eru kennsl á hindranir og þær valdar til þess að vinna á þeim, sem og mikilvægar samskiptaleiðir til þess að létta á upplýsingamiðlun ætlaða almenningi þegar kemur að hindrunum sem ríkisstjórnirnar óska ekki að leysa í gegnum beina löggjöf.

Nefndin samþykki drög að nefndaráliti þar sem lagt er til að ríkisstjórnir norrænu landanna skoði hvernig skipulagi starfs að afnámi stjórnsýsluhindrana sé háttað í hverju landi fyrir sig, bæði hvað varðar upplýsingagjöf, greiningu stjórnvalda á hindrunum og vandamálum, miðlun upplýsinga til ráðuneyta og samræmingu á og lausn slíkra hindrana, bæði hindrana sem Stjórnsýsluhindranaráðið greinir og sem stjórnvöld og ráðuneyti landanna greina. Við endurskoðun á starfi landanna að afnámi stjórnsýsluhindrana mætti læra margt af starfi finnsku ráðgjafarnefndarinnar.

Akureyri, 10. apríl 2018

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*Hanne Dyveke Søttar (FrP)*

*Henrik Brodersen (DF)*

*Håkan Svenneling (V)*

*Juhana Vartiainen (saml)*

*Juho Eerola (saf)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Nils Aage Jegstad (H)*

*Ólafur Ísleifsson (Flf)*

*Pyry Niemi (S)*

*Robert Halef (KD)*

*Ruth Mari Grung (A)*

*Solfrid Lerbrekk (SV)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Ville Skinnari (sd)*